


# Konráð Gíslason og íslenzkan



## 1. Inngangur<sup>1</sup>

Óvíst er hvort nokkur hefur haft meiri áhrif á íslenska stafsetningu og málrækt en Fjölismaðurinn og málfræðingurinn Konráð Gíslason. Ýmis afskipti hans af íslenzku máli er viðfangsefni þessarar ritgerðar.<sup>2</sup> Fyrst verður fjallað um afskipti Konráðs af stafsetningu,<sup>3</sup> síðan um

bókafregnimar því næst *Dönsku orðabókina* og að

<sup>1</sup> Fyrsta gerð þessarar greinar var lokaritgerð í námskeiðinu Semínaræfingar 2 vorið 1997 við Háskóla Íslands. Aðalgeir Kristjánsson las uppkast og þakka ég honum ýmsar gagnlegar ábendingar. Kristján Árnason og Ellert Þór Jóhannsson lásu einnig ritgerðina yfir og þakka ég þeim.

<sup>2</sup> Björn M. Ólsen (1891) reit ítarlegasta æviágrip Konráðs. Finnur Jónsson samdi eftirmæli (1891), Aðalgeir Kristjánsson ritaði aldarminningu (1991) og Jón Helgason skrifaði einnig stuttlega um hann (1980). Benedikt Gröndal lýsir mjög skemmtilega kynnum sínum af Konráði í ævisögu sinni *Dægradvöl*. 1965. Reykjavík. Bezta yfirlitið um málfræðistörf Konráðs hefur Guðrún Kvaran ritað (1991).

Meðal merkra rita sem Konráð samdi og ekki eru til umfjöllunar hér eru: *Oldnordisk Formlære*. Første hæfte. 1858. Kaupmannahöfn. [Aðeins kom út eitt hefti af þessari forníslenzku málfræði, um ritið sjá Guðrúnu Kvaran (1991:57-8)]; *Um Frum-parta íslenzkrar tungu í fornöld*. 1846. Kaupmannahöfn [Þessi stórmerka bók inniheldur mállýsingu forníslenzkunnar byggða á rannsókni á tuttugu og þremur handritum. Hún inniheldur fjölda bandréttra sýnishorna úr textum. Björn M. Ólsen segir um þetta verk (1891:66): „Það má með sannri segja, að með þessu riti hefjist ní öld í íslenskrri málfræði og útgáfum forníslenskra rita“, um ritið sjá Guðrúnu Kvaran (1991:52-55)]. Konráð átti stóran hlut í þeirri íslenzku orðabók sem síðar varð orðabók Cleasbys (1874): „Konráð Gíslason vann fyrir þennan mann í 7 ár og fyrir erfingja hans í önnur 7, eins mörg ár samtals og Jakob vann fyrir Raket, og safnaði með aðstoð ímsra Íslendinga öllu eða mestöllu efninu í orðabók þá sem síðar kom út með nafni Cleasbys“ (Björn M. Ólsen 1891:69). Ég fer ekki út í athuganir á henni hér en þeir sem vilja fræðast meira um þátt Konráðs í gerð hennar er bent á inngang Björns M. Ólsens að *Efterladte skrifter* II (1897) og sýnishorn af vinnu Konráðs og samstarfsmanna hans við orða-

lokum um stafsetninguna á bréfum hans. Aðalheimildir eru greinar, bréf og rit Konráðs og bókafregnir í *Fjölni*.

## 2. Afskipti af stafsetningu

### 2.1 Fjöl니스stafsetningin

Konráð kveður sér hljóðs í öðrum árgangi *Fjölnis* (1836) með tímamótageininni *Þáttur umm stafsetningu*. Í þessari fyrstu fræðigrein sinni setur hinn hugdjarfi æskumaður fram þá kenningu að framburðurinn eigi að vera einkaregla stafsetningarinnar, sem þýðir að stafsetning orða eigi aðeins

bókina sem er á blaðsíðum 273-293 í sama riti. Eftir Konráð liggja nokkrar útgáfur fornra texta: *Hrafnelssaga* (með P. G. Thorsson 1839) [Konráð skrifaði sjálfur allharða bókafregn um sína eigin útgáfu í *Fjölni* 6 (1843):66-67], *Droplaugarsonasaga* (1847), *Tvær sögur af Gísla Súrssyni* (1849), *Fóstbræðrasaga* (1852), *Elucidarius* (1858) og *Njála* (með Eiríki Jónssyni 1875, 1879, 1883, 1889). Konráð gaf auk þess út *Sýnisbók íslenzkrar tungu og íslenzkra bókmennta í fornöld*. 1860. Reykjavík. [560 blaðsíðna bók með sýnishornum úr 44 verkum, flestum áður ótúgnum.] Einnig samdi Konráð bók með skýringum við dróttkveðnar vísur (*Udvalg af oldnordiske skjaldekvad*. 1892. Kaupmannahöfn [Finnur Jónsson sá um útgáfuna]). Dróttkveðnar vísur voru aðalviðfangsefni Konráðs síðustu áratugi ævi hans og liggja eftir hann allmargar greinar um þær. Yfirlit um greinaskrif Konráðs er hjá Finni Jónssyni (1891:298-300) og Guðrúnu Kvaran (1991:58-61). Aðalgeir Kristjánsson (1991b) hefur gefið út skjöl sem tilheyra umsókn Konráðs um dósentstöðu 1847 við Hafnarháskóla. Þar rekur Konráð störf sín til þess tíma.

<sup>3</sup> Greinar Konráðs í *Fjölni* um íslenska stafsetningu eru þrjár: Þáttur umm stafsetningu. *Fjölnir* 2 (1836):3-37; Þáttur um stafsetningu. 2. Svar til Árna-bjarnar. *Fjölnir* 3 (1837):5-18; Um stafsetninguna á þessu ári *Fjölnis*. *Fjölnir* 7 (1844):1-3. Ein hreinræktuð stafsetningargrein eftir Konráð birtist utan *Fjölnis*: è og je. *Íslendingur* (1862):39, 58, 79-80 og 108 bls.

að miðast við framburð þeirra í nútímamáli en ekki uppruna.<sup>4</sup> <sup>5</sup> Konráð segir að greinin *Leiðarvísir til að kenna börnum að lesa í tímaritinu Ármanni á Alþingi* 4 (1832:66-83) eftir Árna Helgason hafi vakið sig til umhugsunar um stafsetningarmál. Í þeirri grein segir Árni meðal annars að bera eigi stafina *c*, *k* og *q* alla fram sem *k* og að *z*, *x* og *y* séu í raun óþarfir stafir í íslenzku. Árni vill þó ekki taka upp framburðarstafsetningu og gagnrýnir Konráð hann fyrir það og segir: „... enn það er samt höfuðágalli á ritgjörðinni, að hún stífir ofanaf illgresinu, enn reínir ekki til, að kippa því upp, og ræta so niður annað sem betra er“ (*Fjöltnir* 1836:8).

Síðan snýr Konráð sér að því að búa til stafsetningu byggða á framburðarreglunni og upp úr þeirri tilraun hans varð til Fjölnisstafsetningin (sjá **Excursus I**).

**Excursus I:** Konráð tók öll íslenzku skriftáknin fyrir og komst að því hve mörg skriftákn voru nauðsynleg ef eingöngu var miðað við framburð en ekki uppruna í stafsetningu.

Konráð byrjar á því að fækka sérhljóðatáknunum úr 14 niður í 8. Hann losar sig við *y* og *ý* því þau hljóma eins og *i* og *í*. Hann leggur niður *é* (og *è* sem er í raun sami stafurinn) og skrifar það *je* eftir framburði. Síðan fellir hann burt táknin *æ*, *ó* og *á* og skrifar tvíhljóðin, sem þau standa fyrir: *ái*, *óú* og *áú*. Eru þá horfin á braut táknin *y*, *ý*, *é*, *á*, *ó* og *æ* og eftir standa átta sérhljóð: *a*, *e*, *i*, *o*, *u*, *í*, *ú* og *ö*. Tvíhljóðið *au* vill hann láta skrifa *öi* og *ey* sem *éi*.

Næst snýr Konráð sér að samhljóðunum og segir þetta um þau þeirra (*c*, *q*, *z* og *x*) sem hann telur óþörf (*Fjöltnir* 1836:14-15):

<sup>4</sup> „... vonar mig lesandanum liggi það í augum uppi, hvor jeg vil að sje – ekki aðalregla, heldur – *einkaregla stafsetningarinnar*; og er það *framburðurinn*“ (*Fjöltnir* 1836:34).

<sup>5</sup> Sum orða Konráðs yfir málfræðihugtök koma spánskt fyrir sjónir og eru sum þeirra ef til vill nýyrði hans. Til að mynda notar hann orðin *límingur* 'tvíhljóð', *kynlaust* 'hvorugkyn', *missandi* 'ablativus', *broddur* fyrir eldra orðið *áherslumerki*, *breyting* 'beyging', *eintili* 'eintala', *fleirtili* 'fleirtala', *samfellingur* 'samsett orð, samsetning', *framliður* 'fyrrri hluti samsetts orðs', *samstöfufræði* 'beygingarfræði', *tungnafræði* „... = málfræði, er = Lingvistik, enn ekki Filologi“ (*Fjöltnir* 1836:27) og *afleiðingarháttur* 'viðtengingarháttur'. Í formálanum að *Dönsku orðabókinni* (1851:IV) segir Konráð að málfræðiorð notuð í henni séu „tekin annaðhvort úr Snorra Eddu eða eptir Rask eða Dr. Sveinbirni Egilssyni en fáu breytt“.

Það er vonandi, hvor maður gjeti sjeð, að *c*, *q*, *z*, *x* eiga vel hefmangeíngt; því first og fremst þá eru *c* og *q* ekkjert, nema sama eins og *k*; og hvað exinu viðvíkur, irði ekki stórvægilegt epter af því, ef að (lint) *g*, *k* og *s* hirfi burt úr málinu ... Nú er *z*-an (setan) eptir, og má hún vel missa sig, ekki síður enn *c*, *q*, *x*; því eínginn kveður að henni, nje á að kveða að henni, öðruvísi enn essi.

En Konráð fækkar ekki aðeins skriftáknunum heldur bætir hann einnig við. Hann tók eftir muninum á lokhljóðs *g* og önglhljóðs *g* og hefur sér tákn fyrir það 'g'. Hann rökstyður aðgreininguna með því að *ð* er aðskilið frá *d* og eins eigi önglhljóðs *g* að vera skilið frá lokhljóðs *g* í stafsetningu: „Finnur ekki hvor maður, að gjíð í og lætur öðruvísi enn gjíð í *logn*?“<sup>6</sup> Eftir þetta er Konráð kominn með eftirfarandi stafróf: *a*, (*á*), *b*, *d*, *ð*, *e*, *f*, *g*, *g*, *h*, *i*, *í*, *j*, *k*, *l*, *m*, *n*, *o*, (*ó*), *p*, *r*, *s*, *t*, *u*, *ú*, *v*, *þ*, (*æ*), *ö*. „Enn það eru alls 29 mindir; þó eru hljóðin ekki nema 26“ (*Fjöltnir* 1836:16).<sup>7</sup>

Eftir að hafa þannig búið til nýtt íslenzkt stafróf hefði verið rökrétt næsta skref að taka það óbreytt upp í *Fjöltni*-en Konráð og Fjölnismenn vildu ekki ganga strax alla leið: „... og ollir því ekki skortur á sannfæringu, heldur hlífð við lesandann“ (*Fjöltnir* 1836:19). Þess vegna var skriftáknunum *á*, *ó*, *æ* og *au* haldið í stafsetningunni sem tekin var upp í *Fjöltni*. Ekki var heldur skrifað *gjí*, *gjí*, *kjí*, *kjí*, *gjeí* og *kjeí*: „[þó] er *j* aungvu síður *heíranlegt* ... og ætti því að vera aungvu síður *sjáanlegt*“ (*Fjöltnir* 1836:17). Þrátt fyrir þessa tilraun til þess að gera stafsetningarnýmælin „notendavænni“ mætti Fjölnisstafsetningin mikilli andstöðu og var tekin upp af sárafáum.

Í stuttri grein í ágústhefti *Sunnanpóstsins* 1836 kom fram gagnrýni á Fjölnisstafsetninguna.<sup>8</sup> Var þar meðal annars sagt að afleiðingar hinnar nýju

<sup>6</sup> Konráð þóttist meira að segja taka eftir þriðja *g*-inu á milli *l* og *n* og *n*, t.a.m. í *öngl* og *hangnir*: „... er það lint *g*, eða ní gje-tegund, soað gjein sjeu þrjú í allt?“ (*Fjöltnir* 1836:16). Ekki er Konráð alveg viss um það hvort hann tekur rétt eftir og hefur ýmsa fyrirvara eins og hans var háttur: „Par eð mig vantar að hefira þetta nógu glöggt, af því jeg hef ní-tekið eptir þessu hljóði, stoðar ekki að veita nefinn úrskurð í þetta sinn, og því síður búa til nítt merki“ (*Fjöltnir* 1836:16).

<sup>7</sup> Mismunurinn skýrist á því að táknunum 'á', 'ó' og 'æ' er ennþá haldið þarna inni í stafrófinu: „... það ofbiði auganu, að sjá *áiríð* = *æríð*, *áúvalt* = *ávalt*, *óúheppið* = *óheppið*, o. s. fr.“ (*Fjöltnir* 1836:17).

<sup>8</sup> Spurning með svari Arnabjörns. *Sunnanpósturinn* 2 (1836):124-126. Þessi grein gæti verið eftir Sveinbjörn Egilsson (sbr. Jón Aðalstein Jónsson 1959:81).

stafsetningar yrðu óreiða og ruglingur og vitnað var í skrif Eggerts Ólafssonar og Rasks gegn framburðarstafsetningu. Konráð svaraði greininni árið eftir í *Fjölni* (1837:5-18) og sagðist frekar trúa því sem satt væri heldur en lærðum mönnum.<sup>9</sup> Hann áréttar að einkaregla stafsetningarinnar eigi að vera framburðurinn. Í desemberhefti *Sunnanpóstisins* kom síðan önnur grein gegn nýmælum Konráðs sem hann svaraði ekki.<sup>10</sup> Höfundur þessarar síðari greinar dregur í efa að það sé auðveldara fyrir börn að læra framburðarstafsetningu en upprunastafsetningu eins og Konráð hafði haldið fram, því stafirnir verða oft fleiri, t.a.m. *ekki* fyrir *ekki* (*Sunnanpósturinn*:182-3). Greinarhöfundur lofar einnig málfræðistörf Rasks en um Fjölnis-stafsetninguna og málfræði Konráðs segir hann: „... má ei fræði heita, heldur allra gagn“.<sup>11</sup> Þessi ritdeila varð ekki langlífari.

## 2.2 Dregið í land

Hlé varð gert á útgáfu *Fjölnis* 1839 eftir útgáfu fimmta árgangs og hófst hún ekki aftur fyrr en 1843. Sjöundi árgangurinn (1844:1-3) hefst á grein eftir Konráð sem ber nafnið *Um stafsetninguna á þessu ári Fjölnis*.<sup>12</sup> Nýir menn höfðu bætzt við Fjölnisfélagið og Konráð var ofurlíði borinn í stafsetningarmálum. Tekin var upp stafsetning *Nýrra félagsrita*, sem var byggð á stafsetningu Rasks (1830) í flestum greinum. Konráð var ekki ánægður með breytingarnar en reit þó áðurnefnda grein til þess að útskýra þær.<sup>13</sup> Hann segir þar meðal annars til varnar framburðarstafsetningunni

<sup>9</sup> „Enn so mikjils metum við eínskjis manns orð, að sannfæring okkar og röksemdirnar sem hún er sprottin af hljóti ekkji samt að vera í firirúmi“ (*Fjölnir* 1837:6).

<sup>10</sup> Arnabjörn og Jeg. 1836. *Sunnanpósturinn* 2: 177-185. Talið er líklegt að Árni Helgason stiftprófastur í Görðum, sem áður var minnst á, hafi ritað þessa grein (sbr. Björn M. Ólsen 1891:32-33).

<sup>11</sup> Höfundur greinarinnar samdi vísu til háðungar Fjölnisstafsetningu og er hún á þessa leið (1936:180):

Røflar raú enn göflar graú,  
gjaúlp óusmaú til hjaúlpá maú,  
hjóúlin þáu og oúlin aú,  
fla blaú um síla laú.

<sup>12</sup> Umfjöllun um söguna að baki þessu afturhvarfi í stafsetningarmálum er hjá Birni M. Ólsen (1891:58-61), sjá einnig *Eimreiðina* 1926:365-6, 368, 371-2.

<sup>13</sup> Konráð segir til að mynda í bréfi: „Bölvana er mjer við að skrifa hver f. hvua“ (*Bréf*:57).

að „... rjettmæli og rjettritun er hvorugt komið undir öðru“ (*Fjölnir* 1844:2) og um íhaldsmenn í stafsetningarmálum, sem mæli sér um vit fram, segir hann: „... og sannast hjer, sem optar, að sá segir mest af Ólafi konungi, sem hvorki hefur heyrt hann nje sjeð“ (*Fjölnir* 1844:2).<sup>14</sup> Við lok greinarinnar slíðrar hann þó stafsetningarsverðin og segir: „... ekkert er eins óþolandi fyrir skynsamur verur og fullkomin óregla og vitleysa“ (*Fjölnir* 1844:3) og ákveður að fylgja upprunastafsetningunni þaðan í frá. Eftir þetta notaði Konráð aldrei aftur framburðarstafsetningu þá sem hann bjó til og hafði hann raunar hætt að nota hana nokkru fyrir í bréfum sínum.<sup>15</sup>

Upprunastafsetning sú sem notuð hefur verið lengstum á þessari öld byggir á svokallaðri skólastafsetningu.<sup>16</sup> Hugmyndasmiður þeirrar stafsetningar er af sumum talinn hafa verið Konráð.<sup>17</sup> Öruggar heimildir vantar þó fyrir aðild hans að sköpun þeirrar stafsetningar.

**Excursus II:** Ég hef tekið saman öll aðalafbrigði af Fjölnisstafsetningunni, sem ég veit um. Tölusætning afbrigða og flokkun er mín.

Fjölnisstafsetning nr. 1a: var fyrst notuð í öðrum árgangi *Fjölnis* (1836). Hún er frábrugðin nútímastafsetningu í eftirtöldum atriðum:<sup>18</sup>

a) *y*, *y* og *ey* voru lögð niður, t.a.m. *þízkur*.

b) *ei* var skrifað *eí*, t.a.m. *þeír*.

c) Á milli *k*, *g* og *e* var skrifað *j*, til að mynda *kjet*, *gjeta*.

d) *je* var ritað fyrir *é*.

e) Á undan *ng* var yfirleitt ritaður broddur, t.a.m. *lángur*.

<sup>14</sup> Konráð nefnir einnig áform sín um að skrifa stafsetningarorðabók, sem ekkert varð úr að hann skrifaði: „... og væri full þörf á heilli bók um það efni, þar sem kalla má að alls ekkert sé til staðar áður“ (*Fjölnir* 1844:3).

<sup>15</sup> Tvö síðustu bréfin sem Konráð skrifaði með Fjölnisstafsetningunni eru frá árunum 1840 og 1841 (*Bréf*:XVII, 50-52).

<sup>16</sup> Skólastafsetningin snýr að ýmsu leyti aftur til þeirrar stafsetningar sem Rasmus Kristján Rask (1830) innleiddi (sjá Jón Aðalstein Jónsson 1959:86-87). Aðalhöfundur skólastafsetningarinnar var Halldór Kr. Friðriksson, yfirkennari í lærða skólanum, sem var einn af síðari Fjölnismönnum. Þeim sem vilja fræðast um skólastafsetninguna er bent á bók hans *Íslenzkar rjettritunarreglur*. 1859. Reykjavík.

<sup>17</sup> Sbr. ummæli Jóns Aðalsteins Jónssonar (1959:84-5). Til að mynda greindi Konráð að tvennskona æ í síðari bréfum sínum eins og Halldór Kr. Friðriksson vildi að yrði gert í skólastafsetningunni.

<sup>18</sup> Konráð tók sjálfur aldrei skipulega saman reglur Fjölnisstafsetningarinnar enda var í raun aðeins ein ritregla: einkaregla framburðarins.

f) *-fl* var ritað *-bl* í innstöðu og bakstöðu, t.a.m. *ebla*. Auk þessa voru sumar málbreytingar og brottföll sýnd í stafsetningunni, t.a.m. *so* fyrir *svo* og *hvor* fyrir *hver*.

Til þess að hlífa lesendum var *z* víða haldið, *x* var ekki lagt niður, *á*, *ó* og *æ* voru ekki rituð sem tvíhljóð og tvöfalt samhljóð var skrifað á undan öðru samhljóði eftir uppruna, t.d. *þekkt*. Ekki var heldur notað sér tákni fyrir öngljóðs *g* þrátt fyrir að Konráð hafi haft slíkt tákni í stafrófi sínu (*Fjöltnir* 1836:16).

Fjöltnisstafrófi nr. 1b: Á þriðja ári *Fjöltnis* (1837:17) voru eftirtaldar breytingar gerðar á stafrófinu nr. 1a:

1) *x* var skrifað *gs*, t.d. *lags* f. *lax*.

2) *j* var ávallt ritað á eftir framgömuðu *k* eða *g*, t.a.m. *Kjína* f. *Kína*.

Fjöltnisstafrófi nr. 1: Stafrófi sýnir sem Konráð lýsti (sbr. Þáttur umm stafrófi. *Fjöltnir* 2 (1836:3-37)) og hann vildi að kæmist á að lokum. Þessi stafrófi hafði að einkareglu framburðinn. Hún var aldrei notuð skipulega í *Fjöltni* né annarsstaðar.<sup>19</sup> Hún er frábrugðin stafrófinu nr. 1b í eftirtöldum atriðum:

a) *au* skrifað *öí*, t.d. *Köipmannahöbn*.

b) *æ*, *ó* og *á* skrifuð *aí*, *ou* og *aú*, t.a.m. *Grainland*, *sjoún*, *laún*.

c) *z* er allstaðar felld niður, t.a.m. *þískur* f. *þýzkur*.

d) Tvíhljóð og *ú* og *í* rituð á undan *ng*, t.a.m. *aúng*, *íng*, *oung*, *eíng*, *öíng*, *úng*.

e) *-gj-* > *-í-*, t.a.m. *bagi* (*bagji*) > *baí*.

f) *-ígj-* > *-í-*, t.a.m. *vígja* > *vía*, *lygi* (*lygji*) > *lí*.

g) *-igj-* > *-í-*, t.a.m. *svigi* (*svigji*) > *sví*.

h) *-úgj-* > *-új-*, t.a.m. *múgi* (*múgji*) > *múji*.

i) Öngljóðs *g* greint frá lokhljóðs *g* með striki 'g'.<sup>20</sup>

j) Táknið 'v' er alltaf notað fyrir öngljóðið [v], til að mynda *hevur*.

k) 'ft' er ritað þar sem *pt* ætti að vera eftir uppruna, til að mynda *skjifti*.

l) 'bn' þarsem *fn* ætti að vera eftir uppruna, til að mynda *ebna*.

Í fundabók Fjöltnisfélagsins, 16. fundi 1843 (*Eimreiðin*

<sup>19</sup> Sumar fundargerðir Fjöltnisfélagsins komast nálægt því að vera ritaðar með henni (*Eimreiðin* 1926, 1927). Bréf til Jóns Péturssonar frá 10da maí 1843, sem einnig virðist hafa átt að senda kaupendum *Fjöltnis*, og Brynjólfur Pétursson ritaði, er einnig með slíkri stafrófinu. Aðalgeir Kristjánsson birtir bréfið (1972:74-5).

<sup>20</sup> Þetta *g*-tákni er notað í fundabók Fjöltnisfélagsins, 22., 23., 24., 25. og 27. fundi. Það eru einu dæmin sem ég þekki um notkun þess (*Eimreiðin* 1926:369-71).

1926:365), er merkileg heimild um síðustu tilraunir Konráðs til þess að koma á framburðarstafrófinu:

... K. Gjíslason hafði tekjið til imsar breitingar ... t.a.m að b skyldi rita firir f firir framan l og n öi firir au og mart fleíra, að þar sem f er vant að skrifa firir framan ð, skuli skrifa b, ai firir æ, að f skjildi haldast firir framan t, g skjildu stungin þar sem so ber undir; að eí skjildi ritast firir e g og e. g. j. það er að skjilja að sleppa g og j þar sem það heirst ekkji í framburðinum t.a.m. þiggjandi af lag á að skrifa lagi, að z skjildi hvurgji skrifa.

Aðrar stafrófi gerðir í Fjöltni: Stafrófi á fyrsta árgangi *Fjöltnis* var í flestu sú stafrófi sem Rask kom fyrst fram með í *Lestrarkveri handa heldri manna börnum* (1830). Á sjöunda ári *Fjöltnis* (1844) var tekin upp stafrófi *Nýrra Félagsrita*, sem var Raskstafrófi nærri óbreytt. Helt sú stafrófi á *Fjöltni* unz hann hætti að koma út.

### 3. Bókafregnir

Bókafregnir þær sem Konráð skrifaði í *Fjöltni* árin 1843-45 höfðu mikil áhrif. Konráð athugaði mjög nákvæmlega málfar textanna en skipti sér lítið af innihaldi þeirra.<sup>21</sup> Villur tók hann skipulega fyrir og flokkaði þær.<sup>22</sup> Konráð var gagnrýndur af ýmsum fyrir óþarfa smásmygli og svaraði hann þeirri gagnrýni í sjöunda árgangi *Fjöltnis* (1844:71) með orðum sem gætu hafa verið einkunnarorð hans: „... nú sje öll nauðsyn, fremur enn nokkurn tíma fyr, að vanda allar gjörðir sínar, stórar og smáar“.

**Excursus III:** Ég hef farið í gegnum þær bókafregnir *Fjöltnis*, sem Konráð er talinn hafa skrifað, og hef safnað saman athugasemdum Konráðs um dönskuskotið mál og sett í töflu. Í fyrri dálki eru orð, orðasambönd og setningar

<sup>21</sup> „Hann leggur first og síðast áherslu á það, að orðfærið sje fagurt og hreint; málið er honum firir öllu. Enginn íslenzkur ritdómari hefur nokkurntíma verið jafnstrangur og hann í þessu efni“ (Björn M. Ólsen 1891:61-62).

<sup>22</sup> Í bókafregni í *Fjöltni* 7 (1844:95-99) skiptir Konráð athugasemdum sínum í eftirfarandi flokka: 1) Ritsháttur og lögun á orðum; 2) Orðatiltæki, orðamerkingar o.s.frv.; 3) Dönskublendingar. Í bókafregni í *Fjöltni* 8 (1845:59-71) eru eftirfarandi flokkar: 1) Stafrófi; 2) Setning greinarmerkja; 3) Mynd eða lögun orða; 4) Gallarnir á orðfærinu.

sem Konráð telur vera af dönskum uppruna.<sup>23</sup> Í seinni dálkinn hef ég síðan sett það sem hann telur betra og

íslenzkara. Stafsetningu hef ég fært til nútímahorfs.<sup>24</sup>

**Fjölur 6 (1843):**

	<b>danska</b>	<b>íslenzka</b>
bls. 61	í tilfelli af ... erum hér <i>mættir</i> í sama tilgangi að <i>fang</i> a þorsk velunnari án þess að <i>koma til skaða</i>	
bls. 71	prísa vanart straff stríðsfólk hræring þessi lærifaðir ungdómur	vegsama ósiður hegning hermenn hreyfing hann kennari ungmenni, börn

**Fjölur 7 (1844):**

bls. 83	duglegur ótilbærilegur verkanir sinnugur, sinnugleikur voga vogunarleikur	framtakssamur, framkvæmdasamur ótilhlýðilegur afleiðingar  þora, dirfast, áræða áhætta
bls. 84	ýtarlega ýtrasti æfa (d. <i>öve</i> , þ. <i>üben</i> ) á ný gefa til kynna óviðkomandi máske föðurland stiptan meining líða augnamið betla eðallyndur málafærslumaður að hafa von um e-ð að þeir menn er með öllu ... og er samið var af þeim mönnum ... allt það, er eg þannig átta eigi von á þá er þeir voru <i>með</i> í nefnd þeirri	„sem er allt annað en ítarlega“  að nýju, físl. af nýju, á nýja leik láta í ljósi  ættjörð, fósturjörð  þola, verða fyrir  að menn er með öllu og er samið var af mönnum

<sup>23</sup> Í sviga eru skyld orð úr dönsku og þýzku sem Konráð nefnir, d. stendur fyrir *dönsku* og þ. stendur fyrir *þýzku*. Skáletranir eru Konráðs.

<sup>24</sup> Konráð tók ýmis merkileg stafsetningaratriði fyrir í bókafrægnunum (sjá t.a.m. *Fjölur* 7:74-82 og *Fjölur* 8:59-71) og gagnrýndi vitaskuld ekki einungis dönskukotid mál.

	að einir og aðrir hlutir í allt	alls, samtals
	að þeir óskaði eigi að hafa þann mann fyrir fulltrúa fyrst og fremst að ekki nokkur einn leiguliði þar (þar með áherzlu, f. þar í eyjunum) gjaldi svo mikið á prent útgengin fylgja í fótspor annarra byrjar með því skoða frá öllum hliðum að svarið gangi honum á móti	feta í fótspor annarra byrjar á því skoða á allar hliðar verði honum mótdrægt því fer svo fjarri framkvæmd, framtakssemi „dugnaður merkir á íslenzku: hjálp, aðstoð, liðsinni“ hafa hag eða óhag af e-u
bls. 85	það er svo langt frá dugnaður (d. <i>duelighed</i> )	það er ekki svo mikið um, að ... hús meira að segja
	missa eða vinna við e-ð þá er ég nú þeir hafa eigi einusinni reynt bygging já rífa niður á háskólanum, á Möðrufellsspítala <sup>25</sup> að tryggja völin allt það er vér ekki áttum von á það horf, er á var fyrir alda öldum, og er vera má, að þá hafi átt við þar eð leiguliði hafði daglaun meðan þeir voru að ráðgast	áttum ekki von á „fyrir tómt og (eða tómt er, eptir því sem fyrir hefur tíðkagt)“ þar eð leiguliði hefði ráðgast um þetta, meðan þeir sátu á ráðstefnu, meðan þeir sátu og réðu ráðum sínum.
bls. 93 <sup>26</sup>	kjöt, salt og ósalt	saltað, ósaltað ( <i>saltur</i> bara haft um það „sem er saltrar náttúru, eínsog sjórinn“ er ekki hætt við einskorðaður við færri höf samþykkt og statt, að ráði gjört „(víðast hvar er d. vedtage = lögtaka eða lögleiða)“ gjöra, smíða hjólskip nema, „í eldra málinu er læra = kenna, eins og lehren í þýzku“ „kann að vera rjett í raun og veru, en lætur dönskulega í eyrum“ hefur líklega brosað að því, hefur
bls. 94	er ekki að óttast fyrir því ... einskorðaður til færri hafa við tekið byggja hjólskip (og járnbrautir) læra mest lesið Nikulás keisari brosti líklega að því	

<sup>25</sup> Í bréfi segir Konráð eftirfarandi um ranga notkun forsetningarinnar á, t.a.m. á *Færeyjum*: „það er eins og hrækt sje framan í mig, þegar jeg sje eða heyri annað eins“ (*Bref*:222).

<sup>26</sup> Hér er Konráð að gagnrýna *Skírni* 17 (1843) sem Fjölnismaðurinn Brynjólfur Pétursson sá um.

	viðkoma e-u (d. <i>vedkomme</i> )	líklega glott að því snerta e-ð
	leggja ráð upp við e-n (d. <i>lægge Raad op</i> )	taka saman ráð sín við einhvern, taka sig saman við e-n
	á takmörkunum	á landamærunum
	fóru stjórnendurnir fram með sömu grimmd og áður	
	... með heilagrar kirkju lögum	
	lítið fleiri	litlu fleiri
	réðu til	mæltu fram með því
	móðurmál	
bls. 96	„hvað því viðvíkur eða hvað það snertir er sjálfsagt tekið eptir dönsku“	
	aðgreina „er þó efasamt orð, vegna merkingarinnar í að (sbr. <i>adskille</i> á dönsku)“	
bls. 97	viðkomendur	hlutaðeigendur
	er eigi sagt fyrir það	
	sé eg eigi neitt <i>ámóti</i> því	
	Sjá <i>í gegnum</i> fingur við e-n	á <i>móti</i> og <i>í gegnum</i> „því áherzlan sýnir að það eru tvö orð“
	vera ekki af vegi	
	yfirtroðslaafbrot (d. <i>overtrædelse</i> )	„ <i>yfirstöplun</i> í fornum bókum“
bls. 98	vera vaxinn e-u	vera fær um e-ð
	færsla á málum, málsfærsla	
	greiða legkaup með 6 álnum	
	eftir því eitt sinn ákveðna verðlagi	eptir því verðlagi, sem ...
	handiðnamaður (d. <i>haandværksmand</i> )	iðnaðarmaður (AM 619 4to)
	nú um stundir (d. <i>nuomstunder</i> )	
	veita móttöku	veita viðtöku, taka við
	upphugsa (d. <i>optænke</i> )	
	<i>meinum</i> vér það til konungslaganna	
	að kalla fornöldina aptur	
	þessar bækur eru <i>hans</i>	„gengur ekki þó menn segi <i>hans</i> <i>bækur</i> og <i>bækur hans</i> eða <i>bækurnar</i> <i>hans</i> “
	náðarpantur	
	eg hafi komizt bærilega frá því	mér hafi tekizt það bærilega
	Ég er því reyndar, <i>stutt yfir farið</i>	stutt (skjótt) yfir að fara
	viðurstyggð	andstyggð, viðbjóður
	gjöri sitt til	
	búa	eiga heima
	hrista e-ð fram úr ermi sinni	
	efasemdum þeim sem þar voru risnar (d. <i>som der havde reist sig</i> )	
	var ekki annað fyrir (d. <i>det var ikke andet for</i> )	
bls. 99	Þessi „vísar til þess, er síðast hefur verið nefnt, eins og á þýzku og dönsku“	
	Enar venjulega svo nefndu tíundarskrár	„er dönskuleg og þunglamaleg orðaskipun“
	meðbróðir	bróðir „þar að auk segjum vjer samlandi“
	skal ég ekki undan fella	„er nokkuð sýslumannslegt“
	<b>Fjöltnir 8 (1845):</b>	
bls. 67	mál (á bók)	orðfæri

bls. 68	ég álit (d. <i>anseer</i> ) sumir gjörðu þarslegar uppgötvanir á ný byggja bygging	ég hygg, ætla „finnst oss dönskulega orðað“ að nýju („ný merkir nýtt tungl“) setja, reisa, gjöra hús
bls. 69	pláts endir var gjörður á ríki þessu (d. <i>at gjöre Ende paa noget</i> ). Áin gekk yfir bakka sína finna upp karfa „heitir á ísl. vandlaupur (vöndr = tá“ merkur	rúm „finnst oss hálfhönskulegt“ finna akrana, ekrurnar „mörk á ísl. er skógur“
bls. 71	tvennslags hvort sem hann svo var fær um það eður ekki  eitt eður annað kvikindi afgrunn offra offurker musteris brúkuð svo gifti sig grískri konu	tvennskona „því slags er danska“ „atviksorðinu svo er hjer ofaukið á vora tungu“ eitthvert kvikindi undirdjúp færa fórn fórmarker, blótskál eða blótbolli hofs höfð síðan gekk að eiga gríska konu

#### 4. Danska orðabókin

Árið 1851 kom út *Dönsk orðabók* eftir Konráð.<sup>27</sup> Áður hafði aðeins verið til dansk-íslenskt orðakver sem Gunnlaugur Oddsson gaf út 1819.<sup>28</sup> Orðabók Konráðs er mikið verk, 596 blaðsíður í stóru broti og með mjög smáu lettri.<sup>29</sup> Þessi orðabók hefur líklega haft einna mest áhrif á hreinsun íslensknunar af því sem Konráð skrifaði.<sup>30</sup>

Í þýðingum sínum reynir Konráð ætíð að finna orð í fornritum sem samsvara hinu danska orði og

nefnir þá heimildina.<sup>31</sup> Oft er þýtt með heilum setningum á íslensku ef ekki finnst gott (fornt) íslenskt orð sem passar. Nokkur skemmtileg dæmi um þetta eru til að mynda orðið *koran* sem er þýtt: „ritning þeirra sem eru tyrkjartrúar“, *orthopædie* er „sú list að lækna hlykki eða beyglur á unglíngum“, *erkeløgner* er „allra mesta lygahylki“, *flanesyge* er „löngun kvenmanns til að vera út í hvippinn og hvappinn“, *luftmaskine* er „vjel til loptferða (loptkuggur)“, *clarinet* er „eins konar hljóðfæri sem blásið er í“ og *slumpeskytte* er „sá sem

<sup>27</sup> Jóhann Halldórsson gerði uppkast að *m* og hluta af *n* en dó 1844 þegar verkið var skammt á veg komið. Sjá umfjöllun um orðabókina hjá Guðrúnu Kvaran (1991). Einnig fjallar Guðrún um forníslenska orðabók með dönskum skýringum sem Konráð ætlaði að semja og fékk til styrki (1991:65-6). Um þá orðabók sjá einnig Aðalgeir Kristjánsson (1991a:74-6).

<sup>28</sup> Gunnlaugur Oddson. 1991. *Orðabók sem inniheldur flest fágæt, framandi og vandskilin orð er verða fyrir í dönskum bókum*. Ný útgáfa með íslenskri orðaskrá. Jón Hilmar Jónsson sá um útgáfuna ásamt Þórdísi Úlfarsdóttur. Orðfræðirit fyrri alda I. Orðabók Háskólans, Reykjavík.

<sup>29</sup> Konráð segir um vinnu sína við orðabókina: „Jeg er að sönnu búin með þessa „dönsku orðabók með íslenskum þýðingum“, sem eg hef unnið að í margt ár, þar eð jeg varð að halda áfram með hana, af því jeg var komin út í það; en annars kostar hefði jeg getað varið tímanum betur“ (*Bréf*:153).

<sup>30</sup> „Ætlaði Konráð bókina öðrum þræði sem leiðarvísi, fyrir þá Íslendinga sem hugsuðu að einhverju leyti á dönsku, til að snúa dönskum orðum og talsháttum á hreina íslensku. Kom orðabók hans út árið 1851 og hafði mjög mikil áhrif“ (Kjartan G. Ottósson 1990:70). Björn M. Ólsen (1891:66) segir: „Engin bók, sem út hefur komið á þessari öld, hefur átt jafnmikinn þátt í að útríma dönskubendingum úr tungu vorri eins og þessi ... Hún hefur nú í 40 ár kent ungum og gömlum eigi að eins að skilja dönsku heldur og að þræða hana á hreina íslensku“. Sjá einnig umfjöllun Jakobs Benediktssonar um orðabókina í greininni *Íslenskt orðabókarstörf* á 19. öld. *Andvari* 11 (1969):96-108.

<sup>31</sup> Hægt er að taka sem dæmi um þetta orðið *Landmand*, sem er þýtt „landsmáður (sb. við landsmenn sína, 619), samlandi (Fms. II, 121), landi (Grágás)“.



slampast á að hæfa það sem hann skýtur til“. Danska orðið *chocolate* er þýtt ‘sætubykkni’ og *sproglærer* er ‘tungnakennari, málkennari’.<sup>32</sup>

Einstaka sinnum eru athugasemdir um góða og vonda íslenzku í Dönsku orðabókinni: „(apaköttur er ekki rjett íslenzka)“ (1851:3). Yfirleitt sjást þó dómar Konráðs um rétt og rangt á því hvaða íslenzku orð fá inngöngu í orðabókina.

## 5. Bréf

Bréf Konráðs eru merkileg heimild um þær miklu breytingar sem urðu á stafsetningu hans á langri ævi. Útgefandi bréfanna, Aðalgeir Kristjánsson (*Bréf*), skiptir stafsetningu Konráðs í þrjú skeið (*Bréf*: xvii): 1) frá upphafi til 1833, 2) 1836–41,<sup>33</sup> 3) 1841 til loka. Á fyrsta skeiðinu er stafsetningin nokkuð á reiki. Konráð notar t.a.m. táknið ‘d’ bæði fyrir *d* og *ð*, ‘ck’ fyrir *kk* og ‘è’ (*Rasks é-ið*) fyrir *é*. 2) Annað stafsetningarskeiðið var skeið Fjölnis-stafsetningarinnar. Um það hefur verið fjallað nokkuð hér að framan. Munurinn á stafsetningunni í *Fjölni* og bréfunum er sá að í bréfunum gengur Konráð aðeins lengra í þá átt að stafsetja eftir framburði. 3) Á þriðja skeiðinu er aftur komin upprunastafsetning og þróaðist hún hægt og bítandi til meiri fyrnsku.

**Excursus IV:** Hér á eftir koma nokkrar stafsetningarathuganir mínar á hverju skeiði. Talan fyrir aftan dæmin sýnir á hvaða blaðsíðu dæmin koma fyrir í útgáfu bréfanna (*Bréf*).

### Fyrsta skeiðið

Sérhljóð á undan *ng* eru oft skrifuð eftir framburði, til að mynda: *laung*, *híngad*, *úng* 4, *feíngid*, *lángadi*, *lángt* 6, *þúngar* 10, *aungar*/21. Stundum er þó tvíhljóðunin ekki sýnd, til að mynda: *engar fengið* 6, *fengid* 12.

Það er algengt að Konráð skrifi sögnina *eiga* og fornafnið *eiginn* og myndir leiddar af þeim með einhljóði. Mörg dæmi eru um þetta: *égi* 10, *égi* 16, *eginligri* 17, *egum* 22, *eginliga* 24, *ega* 25, *egin* 27, *egingjarna* 27, *ega* 31, *egnad* 33, *egin* 34, *eginligr* 36, *egna* 37.

<sup>32</sup> Sagt hefur verið um Konráð að hann hafi verið lítill nýyrðasmiður og því til staðfestingar bent á langorðar þýðingar hans á sumum dönskum orðum. Það þyrfi að athuga miklu betur nýyrði hans í *Dönsku orðabókinni* en hingað til hefur verið gert til að geta skorið úr um það.

<sup>33</sup> Ekkert bréf er varðveitt frá Konráði frá 29. september 1833 til 17. marz 1836.

Framburðarmyndir þriðju persónu fornafnsins *hann* og spurnarfornafnsins *hver* og skyldra orða með *ö* hafa verið útbreiddar fyrir á öldum og þær koma líka fyrir hjá Konráði, samanber eftirtalin dæmi: *hönum* 3, *hönum* 12, *hvörki* 12, *hönum* 13, *hvört nokkur örmull* 14, *einhvörn*, *Hvörnig* 27.

Konráð skrifar stundum á þessu skeiði *j* á milli *k*, *g* og *æ*, til að mynda: „Í *gjærqvöldi* féck eg bréf frá þér, hvad eg *kjærlegast* þacka [mínar skáletranir]“ 3, *gjæftir* 8.

Hann notar yfirleitt ‘d’ en ekki ‘ð’ fyrir önglhjóðið *ð*, til að mynda *Fadir gódur* 11.

Seta (*z*) er stundum skrifuð ‘ts’: *veitst* 6, *betsta* 8, *betsti*, *samvitska* 10. Hún er líka rituð ‘z’ og ‘tz’: *Bezti* 15, *gudhræzla* 28 athugasemd, *þózt* 29, *þýzkra* 36, *setztir*, *Marz* 37. Einu sinni er *st* skrifað ‘z’ að fornum hætti: *sýniz* 3.

Nokkur dæmi eru um *y*-villur í bréfum Konráðs frá þessu skeiði: *eylfd* 3, *Byrni* 4, *hyrdulauslega* 6, *ydjusemi* 8, *gyldti* (=gilti) 11, *Skagafyrði* 14, *slisalaus*, *yndælt*, *vyrðingu* 16, *Hæstvyrti* 17, *fleyri* 22, *hlýfast* 26, *byrtast*.<sup>35</sup> Nokkur dæmi eru um annarskonar stafsetningarvillur: *allann* 4, *stædstu*, *nærst* 6, *nærstum* 24, *þókknast* 28, *aptarst* 30.

Tvíhljóðin *ei* og *ey* eru stundum rituð ‘eí’ og ‘eý’, til að mynda *þeim* 7 og *umbreyting* 3 eins og tíðkaðist í Fjölnisstafsetningunni.

Stundum sleppir Konráð því að skrifa *j* á milli sérhljóða þar sem það ætti að vera eftir uppruna: *deya* 8, *bæanna* 12, *sæust* 36.

Konráð skrifar oft *dt* fyrir *tt* (og *t*) og fer þar eftir Rask: *tídt* 13, *hèldt* 14, *verdt* 27, *töluverdt* 28, *leidt* 29, *endti* 31.

‘é’ er einstaka sinnum látið tákna *ei*: *léngr* 16, *géngid* 16.

Stundum sést samfall orða í framburði: *ennú* 4, *hvarí* 16, *veiztú* 20.

Innskotshljóðið *u* er stundum ekki sýnt, til að mynda *ásetningr* 11, *vanr* 12, *vidrkendu* 24, *nokkrn* 25.

### Annað skeiðið

Það er sorglegt hve fá bréf Konráðs (samtals 12) eru varðveitt með Fjölnisstafsetningunni því hún er efalaust frumlegasta framlag Konráðs til íslenzkrar stafsetningar. Gaman hefði verið að skoða Fjölnisstafsetninguna í fleiri bréfum hans og athuga nákvæmlega muninn á stafsetningunni í *Fjölni* og bréfum hans á þessu tímabili. Ég hef tínt til öll frávik frá stafsetningunni í *Fjölni* í þeim fáu bréfum Konráðs sem varðveitt hafa:

au er ritað 'ói' og 'öi': söiðsvartur 44,  
döiður 50, Köipmannahöfn 51.  
æ er ritað 'af': fairir 50, Graínlenskji 50.  
egi er ritað 'efji': dreíjið 45.  
yga, ýja er ritað 'ía': nía 46, tíað 47.  
agi er ritað 'alí': fostudalinn.

### Þriðja skeiðið

Eftir að Konráð hætti að nota Fjölnisstafsetninguna og tók aftur upp upprunastafsetningu urðu engar róttækar breytingar á stafsetningu hans. Þó varð hún hægt og hægt fornlegri og til að mynda notar hann ð sem upphafsstaf eins og tíðkaðist í sumum fornum handritum: „Gætu Þjer komið“ (Bréf:215). Einnig skrifar hann ðjer einu sinni og hefur við það eftirfarandi neðanmálsgrein í bréfinu: „Fyrirgefið sjervizkuna“ (Bréf:220). Konráð stafsetur þó stundum eftir framburði og hef ég tínt saman nokkur dæmi um slíkt frá þessu skeiði: *yf'rum* 81, *ekkjert* 83 og 103, *valla* 90, *ukkur* 92, *ukkar* 97, *Krissjáni* 99, „sumir á tjei eða kafi“<sup>34</sup> 114, *flöiel* 141, *öngvan* 155, *ötludum* 168, *sona* 215, *á miðkudaginn* 228.

Stafsetningarvenjur úr æsku Konráðs koma stöku sinnum fyrir, til að mynda *sendi* 156, *sikri* 90, *findinn* 91 og *veyk* 193.

### 6. Lokaorð

Konráð Gíslason unni íslenzkri tungu og vann henni margt til heilla á langri starfsævi. Fyrst vann hann að breytingum á íslenzkri stafsetningu og eru tillögur hans og hugmyndir á því sviði byltingarkenndar. Bein áhrif þessara tillagna urðu þó lítil.<sup>35</sup> Næst sneri Konráð sér að því að bæta og hreinsa málfar á íslenzkum ritum (sbr. bókafrægnimar). Hann barðist gegn dönskum áhrifum og hirðuleysi í málfari og hafði þar allmikil áhrif. Einna mest áhrif í þá átt hafði *Dönsk orðabók* (1851). Með nokkrum rétti má segja að hún hafi verið eitt mikilvægasta rit málhreinsunarstefnunnar langt fram á þessa öld. Konráð var í senn byltingarsinni og íhaldsmaður en fyrst og síðast var hann einlægur unnandi íslenzkunnar.

<sup>34</sup> Ef stafsetningin gefur sanna mynd af framburði þessara tökuorða hefur hann verið mjög ólíkur nútímaframburði þeirra.

<sup>35</sup> Seinna fengu hugmyndir Konráðs um framburðarstafsetningu fylgismenn og hafði mest áhrif Björn M. Ólsen (1881.) sem vildi leggja niður 'y', 'ý', 'ey' og 'z'.

### Heimildir

- Aðalgeir Kristjánsson. 1972. *Bynjólfur Pétursson, ævi og störf*. Reykjavík.  
\_\_\_\_\_. 1991a. Á aldarártíð Konráðs Gíslasonar. *Andvari* 33:65-94.  
\_\_\_\_\_. 1991b. Frá Konráði Gíslasyni. *Skagfirðingabók* 20:71-91.  
*Ármann á Alþingi eda almennur Fundur Íslendinga* 4. Kaupmannahöfn 1832. [Ljóspr. í Reykjavík 1945.]  
Björn M. Ólsen. 1881. Um stafsetning. Firirlestur fluttur í „hinu íslenzka kennarafjelagi“. *Tímarit um uppeldi og menntamál* 2.  
\_\_\_\_\_. 1891. Konráð Gíslason. [Sjerprent úr *Tímariti Bókmenntafjellsins* 12. 96 bls.]  
*Bréf = Bréf Konráðs Gíslasonar*. 1984. Aðalgeir Kristjánsson bjó til prentunar. Reykjavík.  
Cleasby, Richard og Guðbrandur Vigfússon. *An Icelandic-English Dictionary*. Oxford. (2. útg. 1957).  
*Eimreiðin* = Fundabók Fjölnisfélags, með skýringum eftir Matthías Þórðarson. 1926-7. *Eimreiðin* 32:85-92, 184-87, 260-79, 359-74; 33:84-90, 182-196.  
Finnur Jónsson. Konráð Gíslason. *Arkiv för nordisk filologi* 7. 1891:291-303.  
*Fjölnir*. Ár-rit handa Íslendingum. 1-9. Kaupmannahöfn 1835-1847. [Ljóspr. Reykjavík 1943.]  
Guðrún Kvaran. 1991. Konráð Gíslason málfraeðingur og orðabókarhöfundur. *Skagfirðingabók* 20:47-71.  
*Íslendingur*. 1862. Reykjavík.  
Jón Aðalsteinn Jónsson. 1959. Ágrip af sögu íslenzkrar stafsetningar. *Íslenzk tunga* 1:71-119.  
Jón Helgason. 1980. Gíslason, Konráð. *Dansk biografisk leksikon* 5:193-4. Kaupmannahöfn.  
Kjartan G. Ottósson. 1990. *Íslensk málhreinsun*. Sögulegt yfirlit. Rit Íslenskrar málnefndar 6. Reykjavík.  
Konráð Gíslason. 1851. *Dönsk orðabók með íslenzkum þýðingum*. Kaupmannahöfn.  
\_\_\_\_\_. 1897. *Efterladte skrifter*. II. Forelæsninger og videnskabelige afhandlinger. Kaupmannahöfn.  
Rasmus Kristján Rask. 1830. *Lestrarkver handa heldri manna börnum með stuttum skíringargreinum um stafrofið og annað þartilheyrandi*. Kaupmannahöfn.  
*Sunnanpósturinn* 2. Reykjavík 1836.